

tíma, eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða, hvernig fara skuli með óseldar vörubirgðir greindra efna og tækja, er hann hefur undir höndum.

3. Öll leyfi, sem gefin hafa verið út til framleiðslu á efnum og tækjum samkvæmt 1. til 4. mgr. 1. gr. fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1978. Nú sækir leyfishafi eigi um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða, hvernig fara skuli með óseldar framleiðslubirgðir.
4. Öll leyfi til manna að mega annast sprengingar, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1979.
5. Dómsmálaráðherra getur framlengt fresti þá, sem greindir eru í bráðabirgða-ákvæðum þessum, svo og getur hann sett nánari reglur um aðra framkvæmd ákvæða þessara.

*Gjört í Reykjavík 13. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 46/1937, um samvinnufélög.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum. Heimilt er þó fólki í ákveðinni starfsgrein að stofna framleiðslusamvinnufélag, sem hafi að markmiði að annast atvinnustarfsemi innan starfsgreinarinnar, og má þá setja það skilyrði, að félagið sé aðeins opið fólki úr viðkomandi starfsgrein.

#### 2. gr.

Við 20. gr. laganna bætist:

Starfsmenn samvinnufélaga eru einnig kjörgengir, séu þeir félagsmenn.

#### 3. gr.

Á eftir 26. gr. laganna komi ný grein, 27. gr., er orðist svo (og breytist töluröð annarra greina í samræmi við það):

Framleiðslusamvinnufélög greiða laun til starfsmanna sinna í samræmi við vinnuframlag hvers og eins. Laun skulu þó aldrei vera lakari en gildandi kjarasamningar viðkomandi verkalýðsfélaga við atvinnurekendur á svæðinu. Framleiðslusamvinnufélög skulu hafa nána samvinnu við viðkomandi verkalýðsfélög vegna kaupgjaldsmála og vinna að sameiginlegum hagsmunum verkafólks.

## 4. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Félögum, sem skrásett eru eftir lögum þessum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag“, „samvinnufélag“, „pöntunarfélag“, „framleiðslusamvinnufélag“ eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag, í nafni sínu, eða skammstafanir úr þessum orðum.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 13. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 40. gr. laganna bætist 5. málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ökumaður auðkennds almenningsvagns á áætlunarleið í þéttbýli gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð skal stjórnendum annarra ökutækja skylt að draga úr hraða, eða nema staðar, til þess að hinn auðkenndi almenningsvagn eigi greiða leið út í umferðina. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um auðkenni þessara vagna og önnur framkvæmdaatriði. Ákvæði þetta leysir þó eigi ökumann almenningsvagnsins undan öðrum ákvæðum þessara laga né því að sýna íturstu varúð við akstur frá biðstöð.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 17. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*